

Reykjavík, 2. mars 2020

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (frítekjumark vegna lífeyristekna), 83. mál.


Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, þann 25. febrúar s.l., var Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) sent til umsagnar ofangreint mál sem kveður á um að setja inn sérstakt frítekjumark á lífeyristekjur.

Mikil óánægja hefur lengi ríkt vegna hinna miklu tekjutenginga sem eru á milli greiðslna almannatrygginga og greiðslna frá lífeyrissjóðum. Jaðarskattaáhrifin ganga það langt að þau grafa undan tiltrú almennings á lífeyrissjóðakerfinu. Fólk sér ekki hag í því að hafa lagt fyrir í lífeyrissjóð þar sem tekjutengingar almannatrygginga gera það að verkum að lítið situr eftir í vasa sjóðfélagsans.

Umræddu frumvarpi er ætlað að bæta stöðu þeirra sem lagt hafa fyrir í lífeyrissjóð og setja sérstakt frítekjumark á lífeyrisgreiðslur. LL styðja slíkt markmið en vilja benda á að lífeyrisgreiðslur frá lífeyrissjóðum hafa myndast með iðgjöldum sem koma frá atvinnutekjum og eru lífeyrisgreiðslur því í eðli sínu frestun atvinnutekna. Því er engin ástæða til að setja sérstök frítekjumörk á lífeyrissjóðsgreiðslur þar sem meðhöndla ætti greiðslur úr lífeyrissjóðum með sama hætti og beinar atvinnutekjur.

Háværar gagnrýnisraddir heyrast á núverandi samspil milli greiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða og sker Ísland sig úr í öllum samanburði við önnur ríki í þessum efnum. Lífeyrisþegar kvarta nú sáran og telja sig miklu misrétti beitta. ***Er því afar brýnt að stjórnvöld gangist í þá vinnu að yfirfara núverandi frítekjumörk og tekjutengingar.***

LL lýsa yfir stuðningi við markmið umrædds frumvarps en telja eigi að síður að meðhöndla eigi lífeyrisgreiðslur með sama hætti og atvinnutekjur þegar kemur til samspils við greiðslur almannatrygginga.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri